

Leiðbeiningar um útfyllingu og rafræn gagnaskil

Launamiðar, hlutafjármiðar og launaframtal 2006

Í þessari orðsendingu er að finna leiðbeiningar um útfyllingu launamiða, hlutafjármiða og launaframtals á árinu 2006.

Form launamiða RSK 2.01 og hlutafjármiða RSK 2.045 vegna greiðslna á árinu 2005 er óbreytt frá fyrra ári. Þó fellur reitur 22 (Gr. f. vörubílaakstur) niður og reitur 27 (fatahlunnindi) kemur í staðinn.

Rafræn gagnaskil

Afar æskilegt er að launamiðum og hlutafjármiðum sé skilað á **tölvutæku formi**.

Sérstaklega er bent á Gagnaskilakerfið á rsk.is, nýja skilaleið fyrir launamiða og hlutafjármiða. Um er að ræða annars vegar XML skeytaskil beint úr launakerfum og hins vegar skráarinnlestur eða skráningu einstakra launamiða. Skilin eru gerð á vef RSK í gegnum þjónustusiðu viðkomandi aðila. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum.

Gögnum sem skilað er á segulmiðlum skal skilað til skattstjóra í umdæmi launagreiðanda.

Færslulýsingu vegna tölvutækra skila á bæði launa- og hlutafjármiðum má nálgast á vefsetri RSK, en sömu reglur gilda um tölvutæk skil á þessum miðum. Auk þess veitir upplýsingatæknideild RSK nánari upplýsingar um færslulýsinguna og þá segulmiðla sem skattstjórar geta tekið við, sem og upplýsingar um aðrar skilaleiðir rafrænna skila.

Þeir sem skila launamiðum og/eða hlutafjármiðum á tölvutæku formi til skattstjóra eiga **ekki** að skila sömu miðum aftur á pappír.

Leiðréttingar

Hægt er að leiðrétta skil rafrænna launamiða á þjónustusiðu á vef RSK.

Hafi launamiði sem skilað var á pappír eða segulmiðli verið rangur skal strax senda skattstjóra **nýjan launamiða** á pappír með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega.

Forskráning launa og hlutafjár

Skattfyrvöld munu forskrá sem mest af

upplýsingum um laun, hlutafé og arð á skattframtöl einstaklinga í febrúar 2006. Miklu skiptir því að þessar upplýsingar séu bæði **áreiðanlegar** og **endanlegar** svo að framteljendur verði ekki fyrir óþægindum við útfyllingu framtala.

Mælst er til þess að launagreiðendur sendi launamiða til launamanna sinna áður en skil til skattfyrvalda eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins, þ.e. áður en launaupplýsingum er skilað til skattfyrvalda og þær forskráðar á framtöl.

Minnt skal á að uppfærsla launaforrita er nauðsynleg vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem forskráning grundvallast á.

Þá þurfa launa- og hlutafjárupplýsingar á tölvutæku formi að berast innan tilgreinds tímafrests, enda munu skattfyrvöld að öðrum kosti ekki geta forskráð viðkomandi upplýsingar.

Upplýsingar um hluthafa/eiganda		Hlutafjármiði árið 2006			
01 Kennitala 220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn	Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)			
Nafn og heimilisfang Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		Nafn hlutafélags og kennitala 421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík			
Hlutabréf	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu	79 Staðgreiðsla af arði	
	0	250.000	25.000	2.500	
Stofnfjórbréf sparisjóðanna	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði	

RSK 2.045 Frumrit: Til skattstjóra

Skilafrestur launa- og hlutafjármiða á pappír er til 26. jan. 2006.

Skilafrestur á tölvutæku formi er til 6. feb. 2006.

76 Útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu

Hér skal færa útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu.

77 Hlutafjáreign í árslok

Hér skal tilgreina nafnverð hlutabréfa í eigu hluthafa í árslok.

78 Greiddur arður á árinu

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

79 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

80 Endurmat stofnfjár á árinu

Hér skal færa endurmat stofnfjár í sparisjóðum sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

81 Stofnfjáreign í árslok

Hér skal færa stofnfjáreign í árslok eftir endurmat.

84 Greiddur arður á árinu

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

86 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

Launamiði 2006

02 Vinnulaun

Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launabætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Enn fremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar og þess háttar greiðslur, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundraðshluti launa eða á annan hátt, styrkir til líkamsræktar, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og stjórnar- og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einnig skal hér færa fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. (Metin fæðishlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti).

63 Iðgjöld

Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem varið var til aukningar lífeyrisréttinda, en frádráttur vegna þess getur að hámarki numið 4% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti

Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem samkvæmt samningi, skriflegum eða munnlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á vinnu þeirra. Gæta skal þess að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjaldafjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færirst til skuldar á framtali greiðanda).

64 Númer sérsjóðs

Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í. Listi yfir númer lífeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is/listi.

19 Sjúkradagpeningar

Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum					
01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Okutæpastyrkur	73 Par af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar
Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð – 4% iðgjald í samþykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakið)	03	05 Par af vegna sjómennsku sem veitir rétt til sjómannaafsláttar	17 Dagpeningar	74 Par af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði
08 Númer lífeyrissjóðs	Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir etni og vinnu	06	27 Fatahlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Þessi reitur fyllist út af skattstjóra	31	Greidd lífeyrisiðgjöld í sérsjóð (4% iðgjald)	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs	
07 Nafn-heimilis-þófstöð launþega		30 Launagreiðandi-kennitala-heimili			
83 Ráðningartími/sjómanna – dagafjöldi	85	87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga	88		
10 Hér skal tilgreina tegund vinnu ef starfsemi er í fleiri en einni atvinnugrein	12 Vikur alls	Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður; hvaða?			
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06		28		297.000	
70 Launafjárhæð	71 Afdregin staðgreiðsla	34	Fóðrun búfjár	50.000	
		82	Gjafir	190.000	
RSK 2.01 0512 - ODDI HF.				Sjá leiðbeiningar á bakhlið Einnig á upplýsingavef RSK www.rsk.is	

03, 08 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð

Í 03 skal tilgreina lífeyrissjóðsiðgjald launþegans sjálfs en í 08 númer sjóðsins samkvæmt skrá yfir lífeyrissjóði. Listi yfir númer lífeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is/listi.

83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi

Hér skal tilgreina dagafjölda ráðningartíma sjómanns. Við ráðningartíma er heimilt að bæta orlofs- og frídögum sem launþegi nýtti ekki á ráðningartíma en fékk greidda og uppgerða við lok ráðningar. Ráðningardaga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 83 og fyrir síðari hluta ársins í reit 85.

87 Lögskráningardagar / úthaldsdagar

Hér skal skrá fjölda daga sem sjómaður er lögskráður á skip. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili.

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt samningi um hlutaskipti.

Þeir dagar sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér.

Þessa daga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 87 og fyrir síðari hluta ársins í reit 88.

17 Dagpeningar

Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda.

Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðar-reikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

74 Þar af undanþegið staðgreiðslu (dagpeningar)

Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

●60 Bifreiðahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

●21 Greiðslur úr lífeyrissjóði

Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.

27 Fatahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fatahlunninda (fatnaður sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

●33 Fæðishlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða) og fjárhæð:

04) Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).

09) Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa.

26) Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.

●28) Húsnæðishlunnindi (allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 1. des. 2004, að meðtalinni hlutdeild í fasteignamati lóðar, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi, að teknu tilliti til þess fjölda mánaða sem afnotin ná yfir. Sjá upplýsingar um skattmat 2005 á www.rsk.is).

32) Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.

56) Endurgjald til höfunda eða rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.

57) Verkfallsstyrkur.

58) Þjörgunarlaun.

59) Skaðabætur og sambærilegt bótafé greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis).

61) Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagsamtaka, stéttarfélaganna eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09).

62) Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).

65) Leigutekjur.

67) Húsaleigubætur.

69) Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

72) Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).

89) Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða), frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar, og fjárhæð:

11) Endurgreiddur útlagður kostnaður.

●34) Önnur hlunnindi.

●82) Aðrar skattskyldar greiðslur.

93) Aðrar skattfrjálsar greiðslur.

Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má m.a. nálgast á vefsetri RSK.

16 Ökutækjastyrkur

Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fast-ákveðna fjárhæð á ári, ekna kílómetra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða greiðsla er ákvörðuð á annan hátt.

73 Þar af undanþegið staðgreiðslu (ökutækjastyrkur)

Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu

Hér skal færa samtölur úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt RSK 5.06

05 Þar af greitt v/sjómennsku

Hér skal tilgreina laun vegna sjómennsku sem veita rétt til sjómannaafsláttar, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt, og innifalin eru í launum í reit 02.

10 Tegund vinnu

Auðkenna skal t.d. afgreiðslustörf (afgr.), bifvélavirkjun (bifv.), framkvæmdastjórn (frkvstj.), skrifstofustörf (skrifst.), verkamannavinna (vkm.), verkstjórn (vkstj.) o.s.frv.

12 Vikur alls:

Hér skal tilgreina vikufjölda sem unnið er.

Launaframtal 2006

Hverjir skila launaframtali á pappír?

Einstaklingar með rekstur, sem greiða öðrum laun eða inna af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds og sem skila skattframtali sínu á pappír, þurfa jafnframt að skila launaframtali á pappír. Launaframtalinu er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem framteljandi á lögheimili 1. des. 2005.

Lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 1. kafla laga nr. 90/2003, og skila ekki skattframtali RSK 1.04, skulu skila launaframtali á pappír, hafi þeir greitt laun eða innt af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds á árinu 2005.

Launaframtalinu er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem framteljandi á lögheimili 1. des. 2005.

Þeir sem inna af hendi verktakagreiðslur eiga að skila launamiðum vegna þeirra. Á launaframtali skal koma fram fjöldi verktakamiða og heildarfjárhæð, þó að þessar greiðslur myndi ekki stofn til tryggingagjalds. Maður sem reiknar sér endurgjald við eigin atvinnurekstur, en greiðir ekki öðrum laun, þarf ekki að skila launaframtali nema því aðeins að hann sé með viðbótar lífeyrissparnað og/eða greiði hærra móttframlag í lífeyrissjóð en 6%.

Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínu með rafrænum hætti eiga ekki að skila launaframtali á pappír.

Stofn til tryggingagjalds

Gjaldstofn tryggingagjalds er allar tegundir launa og þóknana, hverju nafni sem nefnast, óháð formi launagreiðslu. Hér er t.d. um að ræða laun í reit 02 á launamiða, bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, alla ökutækjastyrki, móttframlag í lífeyrissjóð og staðgreiðsluskylda dagpeninga.

Greiðslur lífeyris og eftirlauna úr samþykktum lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins mynda ekki stofn til tryggingagjalds.

Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu skal sundurliða niður á mánuði.

Heildarfjöldi launamiða

Hér skal tilgreina heildarfjölda launamiða sem skilað er, bæði vegna launa og verktakagreiðslna.

Þar af fjöldi miða vegna verktakagreiðslna

Hér skal færa fjölda þeirra miða sem skilað er fyrir verktakagreiðslur.

Heildargreiðslur til verktaka (06)

Hér skal tilgreina heildarfjárhæð verktakagreiðslna (reitur 06).

Laun vegna fiskveiða

Hér skal færa laun sem greidd eru sjómönnum vegna fiskveiða. Þau mynda stofn til tryggingagjalds auk þess sem greiða ber 0,65% iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi útgerðarmaður sagt upp þeirri tryggingu sér skattstjóri til þess að iðgjaldið ætist ekki við.

Ef framtalsskil einstaklinga í rekstri eru á pappír, getur þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. Hið sama gildir um óskattskylda lögaðila, sem ekki skila skattframtali RSK 1.04. Skilafrestur er til 26. janúar 2006 sé launamiðum skilað á pappír, en til 6. febrúar sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.

Ef framtalsskil rekstraraðila eru rafræn, skal ekki að skila sjálfstæðu launaframtali á pappír.

RSK		LAUNAFRAMTAL 2006 LAUNAGREIÐSLUR 2005	
Framtalb berist		Kennitala	
Nafn - pósthaf		Sveitarfélag lögheimilis	
Fjárhæðir á launamiðum og aðrar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu		Rafræn framtalsskil - Ekki skal skila launaframtali á pappír	
Reitur 02 - Vinnulaun	+	Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínu með rafrænum hætti (t.d. á vefframtali) eiga ekki að skila launaframtali RSK 1.05 á pappír, þar sem sundurliðun á stofni til tryggingagjalds er fengin í rafrænum framtalsskilum (á eyðublaði RSK 1.04 eða RSK 4.05). Í vissum tilfellum geta rekstraraðilar þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. Sjá nánari skýringar á bakhlið.	
Reitur 60 - Bifreiðahlunnindi	+	Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	
Reitur 33 - Fæðishlunnindi	+	Reiknað endurgjald barna	+
Reitur 16 - Ökutækjastyrkur	+	Laun undanþegin staðgreiðslu	+
Móttframt. launagr. í lífj., sbr. skýringar á bakhlið	+	Fatahlunnindi	+
Mismunur 17-74 - Staðgreiðsluskyldir dagpeningar	+	Önnur hlunnindi, hvaða?	+
Aðrar tryggingagj. greiðslur, sbr. skýr. á bakhlið	+		+
Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð, sbr. skýringar á bakhlið	-		+
Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu	=	Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	=
Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu		Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum (einnig innifaldar í stofni til tryggingagjalds)	
Janúar		Jan.	
Febrúar		Febr.	
Mars		Mars	
Apríl		Apríl	
Mai		Mai	
Júní		Júní	
Júlí		Júlí	
Agúst		Agúst	
September		Sept.	
Október		Okt.	
Nóvember		Nóv.	
Desember		Des.	
Alls		Alls	
Heildarfjöldi launamiða		Þar af fjöldi miða vegna verktakagreiðslna	Heildargreiðslur til verktaka (06)
Athugasemdir framteljanda			
Skilafrestur er til 26. jan. 2006 sé launamiðum skilað á pappír, en til 6. feb. 2006 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.			
Það staðfestist að launaframtal þetta ásamt launamiðum er gert eftir bestu vitund og er í samræmi við fyrirliggjandi gögn.		Dags/undirskrift	Sími
RSK 1.05 0511 - 10.000 - 0001 HF.			

Undirskrift

Mikilvægt er að undirrita launaframtalið áður en því er skilað. Launaframtal sem ekki er undirritað telst ófullnægjandi.

Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Í þessa reiti færast laun undanþegin staðgreiðslu og reiknað endurgjald barna. Reiknað endurgjald manns og maka hans við eigin atvinnurekstur kemur hins vegar ekki fram á launaframtali.

Hér skal ennfremur tilgreina tegund og fjárhæð hlunninda utan staðgreiðslu opinberra gjalda sem metin eru til tekna samkvæmt skattmati fjármálaráðherra og mynda stofn til tryggingagjalds.